

3. fundur foreldraráðs Leikskóla Kærabæjar haldinn á Kærabæ 20.01.2010 kl. 18:40.

Mætt voru: Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri, Sigurður Gunnarsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem ritaði fundargerð. Karítas Kristjánsdóttir formaður mætti kl. 19:20.

Þórunn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staða Kærabæjar: Þórunn kynnti hugmyndir til sparnaðar við rekstur skólans, t.d. lengingu sumarlokunar um eina viku frá því sem segir í reglugerð Kærabæjar og styttri opnunartíma einn dag í mánuði til að halda starfsmannafund. Hefur hún engin viðbrögð fengið frá sveitarstjórn eða fræðslunefnd um þessar tillögur.
2. Skólanámsskrá fyrir Kærabæ: Þórunn kynnti skólanámsskrá Kærabæjar. Rætt um námskrána og farið í gegnum hana. Fyrsti kafli fjallar um sögu leikskólans. Annar kafli fjallar um leik og leikskólastarf. Einkunnarorð leikskólans er „Okkar nám er leikur“. Þar er t.d. fjallað um sérverkefni í Kærabæ. Þau eru heilsubók barnsins, grænfáninn og ART. Leikskólinn er núna á heilsubraut og stefnir að því að vera heilsuleikskóli 3. júní 2010. Heilsuskólinn er með heimasíðuna www.heilsustefnan.skolar.is. ART var tekið upp í haust í Kærabæ. ART er vel afmörkuð og árangursrík aðferð til að draga úr erfiðri hegðun hjá börnum og ungu fólki. Þriðji kafli námsskráarinnar er um námssvið leikskólans sem er unnin úr Aðalnámsskrá leikskóla frá 1999 ásamt áherslum leikskólans sjálfs. Fjórði kafli fjallar um samstarf við foreldra og grunnskóla. Fimmti kafli fjallar um „Mat á leikskólastarfi“. Foreldraráð samþykkir námsskrána og lýsir ánægju sinni með hana.
3. Merkisdagar Kærabæjar: Þórunn kynnti merkisdagar Kærabæjar sem eru **Dagur leikskólans** sem er haldinn 5. febrúar og **Vorhátíð Kærabæjar** sem verður haldinn 3. júní.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:15.

Fanney Ólöf Lárusdóttir ritari.